



Fundargerð Sambandsþings UMSB 2020

98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar. Haldið í félagsheimilinu Logalandi í Reykholtssdal fimmtudaginn 12. mars 2020 kl:18:00.

1. Setning

Bragi sambandsstjóri setur þingið og býður fólk velkomið. Sambandsstjóri ber upp þá tillögu að Bjarni Benedikt Gunnarsson verði þingforseti,

2. Kosning þingforseta og ritara

Bjarni tekur við stjórn og leggur það til að Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir riti fund.

3. Viðurkenningar úr Afrekssjóði

Íris Grönfeldt kom fyrir hönd Afrekssjóðs UMSB en í ár fengu þrjár konur úr röðum sambandsins styrk; Alexandra Guðnýjardóttir kraftlyftingarkona, Kristín Þórhallsdóttir kraftlyftingarkona og Birgitta Dröfn Björnsdóttir dansari. Þær hafa allar náð langt í sinni grein og náð góðum árangri innan lands sem utan.

4. Kosning kjörbréfanefndar

Tillaga um Kristján Guðmundsson, Oddný Eva Böðvarsdóttir og Þóra Árnadóttir skipi hana. Samþykkt með lófataki.

5. Skýrsla stjórnar og reikningar

Bragi fer yfir störf UMSB á árinu 2019. Stærsta verkefni UMSB á næsta starfsári er Landsmót 50+ sem fram fer í Borgarbyggð á komandi sumri. Þar mun verða keppt í hefðbundnum greinum en jafnframt mun UMSB brydda upp á nýjungum í keppnisgreinum. Á síðasta ári fór glæsilegur hópur ungmenna ásamt forráðamönnum sínum til Hafnar í Hornafirði

Sigríður Bjarnadóttir gjaldkeri UMSB fer yfir reikninga UMSB.

6. Álit kjörbréfanefndar

Alls mættir 30 fulltrúar á sambandsþingið. Fulltrúa vantaði frá eftirfarandi félögum; Gk. Glanna, Gk. Skriflu, Gk. Húsafelli, Ungmenna- og íþróttafélagi Hvalfjarðarsveitar, Skotfélagi Vesturlands og Ungmennafélaginu Agli Skallagrímssyni. Einn fulltrúi frá eftirtöldum aðildarfélögum; Ungmennafélaginu Birni Hítðalakappa, Dansíþróttafélagi Borgarfjarðar og Frjálsíþróttafélagi Borgarfjarðar. Tveir fulltrúar frá eftirtöldum aðildarfélögum; UMF. Íslendingi, Ungmennafélagi Reykdæla, Mótorsportfélagi Borgarfjarðar, UMF Stafholtstungna og Golfklúbbi Borgarness. Fjórir fulltrúar frá Hestamannafélaginu Borgfirðingi og þrettán fulltrúar frá Skallagrími.

7. Kosning starfsnefnda þingsins

Starfsnefndir voru þrjár; Fjárhagsnefnd Gunnar Örn Kárason formaður Íþróttanefnd Margrét Gísladóttir formaður og allsherjarnefnd Guðmundur Daníelsson formaður. Fólk velur sér nefnd til að vinna í eftir hlé.

8. Inntaka nýrra aðildafélaga

Ekkert félag hefur óskað eftir inntöku í UMSB

9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Þórhildur María fulltrúi Skallagríms þakkaði sambandsstjóra fyrir gott innlegg og yfirferð og minnst á mikilvægi sjálfbóðaliðanna sem oft á tíðum er erfitt að fá til starfa en eru svo gríðarlega mikilvægir fyrir starfseminu í héraðinu.

10. Ávörp gesta

Hallbera Eiríksdóttir kom fyrir fulltrúi stjórnar UMFÍ og veitti Írisi Grönfeldt gullmerki UMFÍ en það var hennar fyrsta embættisverk hennar Íris hefur um áratugaskeið verið burðarás í frjálsíþróttastarfi UMSB, sem keppandi, þjálfari eða við skipulagningu. Hún náði gríðarlega langt í sinni grein og keppti m.a. á tveimur heimsmeistaramótum, tveimur Evrópumeistaramótum og tvennum Ólympíuleikum. Hún hefur eflt frjálsíþróttastarf UMSB með óeigingjörnu framlagi sínu um áraraðir.

Hallbera bar þinginu bestu kveðjur frá Hauki formanni. Hún hvatti þingfulltrúa til að sækja viðburði UMFÍ, Íþróttaveislu, Landsmót 50+, sem og Unglingalandsmót. Hallbera ítrekaði einnig mikilvægi sjálfbóðaliða sem eru drifkraftur starfsins. Hún þakkaði Sigurði Guðmundssyni sérstaklega sitt starf en hann hefur verið ötull í starfi sínu sem framkvæmdastjóri UMSB, þá sérstaklega við að efla ungt fólk í íþróttaiðkun, verkefninu Sýnum Karakter o.fl.

Styrktarsjóði á vegum UMFÍ hvatti Hallbera þingfulltrúa sérstaklega til að skoða. M.a. Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ sem og styrk til nemenda til að sækja nám í Lýðháskólum á Norðurlöndunum.

Hallbera veitti einnig starfsmerki UMFÍ þeim Ingva Árnasyni og Brynjólfi Guðmundssyni.

Ingvi Árnason var formaður Golfklúbbs Borgarness um árabíl og hefur unnið mikið að íþróttinni eftir að formennsku lauk. Mikill félagsmálamaður, skipulagður, traustur og ábyrgur og góður félagi.

Brynjólfur Guðmundsson hefur verið starfandi í Ungmennafélagi Stafholtstungna síðan 1975 og hefur komið að nær öllum nefndum þess síðan. Hann hefur komið að fjölmörgum þáttum félagsins og má segja að hann sé ungmennafélagi sem öll ungmennafélög þurfa að hafa.

Viðar Sigurjónsson

Hefur unnið hjá ÍSÍ í yfir 20 ár á Akureyri en sagði að skrifstofan á Akureyri væri þó lítt þekkt. Hann hefur margoft sótt ársþing ungmennasambandanna og þannig nær hann að læra, sjá og kynnst starfinu um land allt. Hann flutti þinginu kveðjur frá framkvæmdastjórn. Viðar hrósaði sérstaklega yfirferð sambandsstjóra þar sem

hann fór yfir mikilvægi ungmennasambandsins í því samhengi að koma börnum og ungmönnum í skipulagt starf svo þau megi dafna sem best til framtíðar
Viðar afhenti einnig starfsmerki ÍSÍ til tveggja manna sem hafa innt mikið og gott starf. Jón G Guðbjörnsson og Sigurður Guðmundsson. Þeir hafa báðir starfað sem sambandsstjórar UMSB.

Einnig fór hann yfir viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ en viðurkenningin vottast þeim félögum sem uppfylla ákveðnar kröfur. Kröfurnar eru m.a. að skipurit sé til staðar, hlutverk stjórnar og starfsmanna sé vel skilgreint, héraðið skilgreini starfsemi og hlutverk, samningar séu fyrirliggjandi við sveitarfélög, formannafundir séu reglulega, héruðin hafi mótað sér stefni í forvarnarmálum, jafnréttismálum o.s.frv. Þannig sé ljóst hvernig héraðið stefnir, allir stefni í sömu átt, þannig eflist árangur. Með stefnunum eru héruðin að undirbúa sig fyrir framtíðina, stefnurnar þurfa að vera skýrar, annað væri vottun um það að við værum ekki að vinna vinnuna okkar. UMSB uppfyllir í dag allar þessar kröfur ÍSÍ og er því sjöunda héraðið sem færir þessa vottun ÍSÍ. Viðurkenningin er endurnýjuð á fjögurra ára fresti. Viðar afhenti sambandsstjóra viðurkenninguna.

10. Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t fjárhagsáætlun og árgjald félaga

1. 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020 samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2020, sbr. þingskjal 1.

Ungmennasamband Borgarfjarðar Áætlun 2020

	Áætlun 2020
10000 REKSTRARTEKJUR	
10099 Félagaskattur	1.333.800
11000 Framlög og styrkir	22.884.000
14000 Lottó	8.850.000
15000 Tekjur v/íprótta og móta	2.500.000
20000 Húsa- og vallarleigutekjur	<u>28.654.000</u>
22000 Aðrar tekjur	<u>0</u>
2999 Rekstrartekjur alls	<u>64.221.800</u>
30000 REKSTRARGJÖLD	
31000 Laun og verktakagreiðslur	18.833.158
35000 Styrkir til aðildarfélaga	10.609.657
37000 Áhöld og tæki	250.000
40000 Þátttaka í mótum	0

45000	Kostnaður v/mótahalds	650.000
48000	Rekstur mannvirkja	29.271.168
53000	Rekstur skrifstofu	1.733.422
56000	Kynning, fræðsla og útbreiðsla	1.250.000
65000	Önnur gjöld	18.000
74999	Rekstrargjöld alls	<u>62.615.405</u>

75000 Hagnaður (tap) án fjármagnsliða **1.606.395**

2. 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020 samþykkir að félagaskattur verði 450 kr. á hvern skattskyldan félaga fyrir árið 2020.
3. 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020 þakkar sveitarfélaginu Borgarbyggð samstarfið og stuðninginn á liðnu ári.
4. 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020 þakkar Skorradalshreppi samstarfið og stuðninginn á liðnu ári.
5. 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020 þakkar Skorradalshreppi samstarfið og stuðninginn á liðnu ári.
6. 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020 samþykkir að tilnefna Írisi Grönfeldt í valnefnd fyrir kjör íþróttamanns Borgarfjarðar 2020.
7. 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020 samþykkir að tilnefna sambandsstjóra UMSB á íþróttþing ÍSÍ fyrir hönd UMSB.
8. 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020 samþykkir að tilnefna Rósu Marinósdóttur, Pál Brynjarsson og Írisi Grönfeldt í stjórn Afreksmannasjóðs UMSB, og til vara Kristinn Óskar Sigmundsson.
9. 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður á Selfossi um verslunarmannahelgina.
10. 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á Landsmót UMFÍ 50 + í Borgarnesi 19. – 21. júní 2020.
11. 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á íþróttaveislu sem haldin verður í Kópavogi 26. – 28. júní 2020.
12. 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020, veitir stjórn UMSB leyfi að kanna þann möguleika að selja eig sína að Borgarbraut 61. Ef viðunandi verð fæst verðu það borið undir til samþykktar á formannafund UMSB.

13. 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020, beinir því til aðildarfélaga og deilda innan UMSB að hafa jafnt kynjahlutfall í stjórnnum og nefndum.
14. 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020 samþykkir að félagaskattur verði 450 kr á hvern féлага.

11. Þinghlé – nefndir starfa

Bragi hvatti þingfulltrúa til að bæta við þær tillögur sem fram hafa komið frá stjórn enda séu þær mikil hvatning til stjórnarmanna að gera meira og gera betur.

12. Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu

Páll Brynjarsson flutti tillögur fjárhagsnefnd.

1. tillaga

Nefndin var sammála UMSB að áætla ekki fjölgun og telur fjárhagsáætlunina varlega áætlaða.

Samþykkt samhljóða

2. tillaga

Ólafur Flosason lagði til að félagaskattur yrði 500 kr. Þar sem fjárhagsáætlun næsta árs hefur nú þegar verið samþykkt dró hann tillöguna til baka.

Samþykkt samhljóða

Guðmundur Daníelsson flutti tillögur allsherjarnefndar.

3. tillaga Borgarbyggð þakkaður stuðningur

Samþykkt samhljóða

4. tillaga Skorradalshreppi þakkaður stuðningur.

Samþykkt samhljóða

5. tillaga Hvalfjarðarsveit þakkaður stuðningur

Samþykkt samhljóða

6. tillaga Íris Grönfeldt í valnefnd fyrir kjör Íþróttamanns Borgarfjarðar

Samþykkt samhljóða

7. tillaga – Sambandsstjóri UMSB fulltrúi á íþróttaping ÍSÍ

Samþykkt samhljóða

8. tillaga- Tilnefning í stjórn Afreksmannasjóð UMSB

Samþykkt samhljóða

12. tillaga- Breytingartillaga: 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020 veitir stjórn UMSB heimild til að selja eign sína að Borgarbraut 61, ef viðunandi verð fæst.

Nokkrar umræður um sölumöguleikana. Spurt var um hvað við mögulegan ágóða yrði gert. Bragi svaraði því að hugsað væri að nota hann til uppbyggingar sjóðs, hann væri ekki hugsaður sem rekstrarfé. Nú þegar væri engin starfsemi UMSB í húsnæðinu en til framtíðar er horft til húsnæði hjá sveitarfélaginu.

Samþykkt samhljóða

13. tillaga – Breytingartillaga: 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020 beinir því til aðildarfélaga og deilda að leitast við að hafa blandað kynjahlutfall í stjórnnum og nefndum.

Samþykkt samhljóða

14. tillaga- 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020 beinir því til stjórnar UMSB að stofna nefnd til að skoða mögulega sameiningu eða samstarf aðildarfélaga.

Óskað var eftir útskýringu hvað lægi að baki þessu. Guðmundur Daníelsson útskýrði að þarna væri verið að skoða samlegðaráhrif hjá minni félögum, ekki væru neinar kvaðir þessu tengdu.

Sigurður Guðmundsson vitnaði í formannafund frá síðasta hausti. Þá kom afdráttarlaust fram hjá formönnum að ekki væri áhugi á sameiningu, frekar áhugi á samstarfi. Þórhildur María kom upp og sagði frá að nú þegar væri gott samstarf þegar horft væri til íþróttasviðsins en einnig væri t.a.m. leikstarf í ungmennafélagunum sem oft hefði verið bras að manna.

Samþykkt samhljóða

15. tillaga: 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020 beinir því til stjórnar UMSB að skoða betur nýtingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðunum.

Sigurður Guðmundsson óskaði eftir nánari útskýringu til stjórnar hvað nefndin vill fá fram með þessu. Guðmundur Daníelsson sagði að hér væri einungis verið að óska eftir að skoða möguleikana á að nýta betur íþróttamannvirkin utan Borgarness. Bragi kom upp og lagði til breytingartillögu að aðildarfélögin yrðu tekin inn í þessa tillögu þar sem aðildarfélögin þurfa einnig að sæta ábyrgð. 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020 beinir því til stjórnar UMSB, í samstarfi við aðildarfélögin, að skoða betur nýtingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðunum og verði niðurstaða kynnt fyrir formannafund að vori.

Samþykkt samhljóða

Margrét Gísladóttir flutti tillögur íþróttanefndar

9. tillaga- Breytingartillaga , hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður á Selfossi um verslunarmannahelgina. Einnig að hvetja aðildarfélög og deildir að upplýsa um þáttökumöguleika í þeim tilgangi að auka þátttöku.

Samþykkt samhljóða

10. tillaga- Breytingartillaga: 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á Landsmót UMFÍ 50 + í Borgarnesi 19. – 21. júní 2020. Hvetur einnig sjálfboðaliða til að taka virkan þátt í undirbúningi og vinnu við Landsmót 50+ í Borgarbyggð í sumar.

Samþykkt samhljóða

11. tillaga Íþróttaveisla í Kópavogi

Samþykkt samhljóða

16. tillaga 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020 hvetur nefnd um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Borgarnesi til góðra verka og að hafa samráð við íþróttahreyfingu sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða

17. tillaga 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020 að vinna hraðar að lausnum til að tengja útivistarsvæði og íþróttamannvirki í jaðri þéttbýlis á öruggan hátt þannig að iðkendur eigi greiðan aðgang að þeim. Er hér átt með aðstöðuna á Hamri, aðstöðu hestamanna og Einkunnir.

Ingvar Árnason benti á að í tillöguna vantaði hvernig aðkoman ætti að vera. Nokkrar umræður urðu um hvernig hægt væri að tengja íþróttamannvirkin betur. Sigurður Guðmundsson benti á að deiliskipulagsvinna væri í gangi. Þórhildur lýsti yfir ánægju sinni að UMSB benti á þetta en jafnframt að þetta væri vandamál víðar í sveitarfélaginu og mætti

Samþykkt samhljóða

18. tillaga 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020 ályktar að ef til samkomubanns kemur v. heimsfaraldurs hvetur þingið við UMSB til að samræma aðgerðir og upplýsingaflæði.

Umræða um að hér væri einkum átt við endurgreiðslu æfingagjalda o.þ.h.

Samþykkt samhljóða

19. tillaga 98. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Logalandi 12. mars 2020 leggur til að Borgarbyggð vinni að uppbyggingu göngu- hjólreiða- og reiðstíga um sveitarfélagið

Samþykkt samhljóða

13. Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu

Samþykktir samhljóða

14. Kosning stjórnar

Páll Brynjarsson gerði grein fyrir tillögu uppstillingarnefndar, ásamt Páli störfuðu þau Þóra Árnadóttir, Ástríður Guðmundsdóttir, Margrét Gísladóttir og Sigurður Arilfússon.

Sambandsstjóri- Bragi Þór Svavarsson

Gjaldkeri- Sigríður Bjarnadóttir

Vara Sambandsstjóri- Guðrún Þórðardóttir

Vara- varasambandsstjóri- Borgar Páll Borgarsson

Vara- Gjaldkeri- Eyjólfur Kristinn Örnólfsson

Ekki verður kosið um ritara, Bjarna Þór Traustason og meðstjórnanda, Rakel Guðjónsdóttur, vara- ritara, Ástríði Guðmundsdóttur og vara meðstjórnanda, Þórhildi Maríu.

Samþykkt samhljóða

15. Önnur mál

Ólafur Flosason velti upp þeirri spurningu til ÍSÍ og UMSB hvort einhver stefna hafi verið sett varðandi mótshald í þeirri veirutíð sem nú er.

Auður Inga framkvæmdastjóra UMFÍ svaraði fyrirspurninni en ÍSÍ og UMFÍ hafa fundað með sóttvarnarlækni og Víði Reynissyni. Í framhaldinu átti að hafa verið send skilaboð sem eru þau að fylgja tilmælum yfirvalda. Þau hafa verið þau að halda íþróttastarfi áfram óbreytt en það mun eflaust breytast, einungis spurning um hvenær, samkomubann þarf að vera sett á réttum tíma og verður brugðist við af hálfu íþróttahreyfingarinnar. Ákvarðanirnar eru á þessum tímapunkti eru í höndum grasrótartinnar en einungis tímaspursmál hvenær samkomubann verður sett á. Hún þakkaði fyrir að fá að fylgjast með þinginu, umræðurnar hefðu verið lifandi og skemmtilegar.

Jón G Guðbjörnsson kom í pontu, u.þ.b. hálfri öld frá því að hann kom í pontu fyrst. Hann þakkaði þann heiður sem honum hafði verið sýndur á þinginu þar sem hann hlaut starfsmerki ÍSÍ. Jón fór lauslega yfir þá sprengingu sem varð í starfi ungmennafélaganna í Borgarfirði upp úr 1970.

Sigurður Guðmundsson tók til máls og hvatti félagsmenn til að ýta undir þátttöku keppenda og sjálfboðaliða á Landsmóti 50+ í sumar. Einnig að vera óhrædd við hafa samband við hann ef félagar hafi eitthvað sem UMSB geta aðstoðað með.

Margrét Gísladóttir velti upp þeirri spurningu hvenær félagar fá upplýsingar um hvað hægt sé að gera og við hvað sé hægt að aðstoða. Sigurður svaraði því að nú sé þessi vinna að fara af stað. Formenn verði kallaðir að borðinu fljótlega.

Gísli Einarsson spurði hvort UMSB hefði sóst eftir fleiri landsmótum

Sigurður svaraði því að Unglingalandsmót verði haldið í Borgarbyggð árið 2022.

16. Þinggerð - þingslit

Bragi þakkar fyrir þingið og býður nýja stjórn velkomna til starfa. Bragi lýsti yfir ánægju sinni með það að stór hluti þings sem þessa fari í að heiðra féлага okkar. Einnig að UMSB sé nú komið með viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarhérað. Viðurkenningin sé eitt en svo annað hvað það er sem við fáum út úr því að vinna eftir henni. Bragi hvatti einnig alla í héraði til að taka þátt í Landsmóti 50+. Bæði séu opnar greinar en einnig greinar sem einungis eru bundnar 50 ára og eldri.

Þingi slitið kl 21:18.

Ritari: Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir